

Mál nr. 51/2018

M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar fasteignatryggingar húsfélags X.

Skaðabótaábyrgð húsfélags vegna tjóns á bifreið 8.2.2017.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttekið 9.2.2018, ásamt fylgiskjöllum.

Bréf V, dags. 1.3.2018, ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að bifreið M hafi orðið fyrir tjóni, þar sem henni var lagt við [...] í Reykjavík, þegar glerplata úr handriði á 2. hæð hússins brotnaði og féll á bifreiðina.

Af málskoti má ráða að M telji X bera ábyrgð á tjóni á bifreið hans. M vísar til þess að ekki hafi verið ofsaveður þegar glerplatan brotnaði og að vindmælingar á nálægum stað sýni að vindur hafi ekki farið upp fyrir 28,5 m/sek.

V telur að X beri ekki skaðabótaábyrgð vegna tjóns á bifreið M en það sé skilyrði þess að greiddar séu bætur úr ábyrgðartryggingu fasteignatryggingar. Að mati V er ekki sýnt að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi eigenda eða annarra sem X ber ábyrgð á, tjónið hafi orðið vegna ofsaveðurs og íbúar hússins hefðu ekki getað gert ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjónið.

Álit.

Til þess að M geti átt rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu fasteignatryggingar X hjá V þarf að liggja fyrir að X beri skaðabótaábyrgð vegna tjóns á bifreið M. Til þess að slík ábyrgð stofnist þarf að sýna fram á að sá sem ábyrgð, eða einhver á hans vegum, hafi t.d. gert ráðstafanir sem leitt hafi til tjónsins eða eftir atvikum vanrækt að gera ráðstafanir sem honum bar að gera til að koma í veg fyrir tjón. Í þessu máli liggur fyrir að glerplata af svölum á 2. hæð hússins brotnaði og að nokkuð vont veður hafi verið á þeim tíma sem það gerðist. Ekki liggur fyrir að glerið hafi brotnað vegna sérstakra ráðstafana eigenda hússins að Laugarásvegi 1 eða annarra eða skorts á viðhaldi húseignarinnar. Ekki verður því annað séð en að tjón á bifreið M verði rakið til óhappatilviljunar, en ekki atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu fasteignatryggingar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu fasteignatryggingar hjá V.

Reykjavík, 16. mars 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður

Jón Magnússon lögmaður